



DET KONGELIGE  
JUSTIS- OG BEREDSKAPSDEPARTEMENT

Dóms- og varnarmálaráðherrann

Norðurlandaráð

Tilvísun ykkar

Tilvísun okkar  
24/6566 TBHU

Dagsetning  
12.12.2024

**Svar við skriflegri fyrirspurn þingmanns í Norðurlandaráði (E 27/2024)**

Fyrirspurn:

Hvernig tryggjum við að löggæslusamstarfið haldi áfram að þróast og styrkjast, samhliða því að farið sé að landslögum og þau virt eins og vera ber?

Svar:

Ég legg umfram allt áherslu á að búa lögreglunni bestu mögulegu skilyrði fyrir árangursríku samstarfi við lögregluembætti í öðrum norrænum löndum og er sannfærð um að starfssystkini mín annars staðar á Norðurlöndum séu sömu skoðunar.

Gott dæmi um nánara samstarf lögreglu í Noregi og Svíþjóð er sú lögreglustöð sem verið er að koma á laggirnar fyrir Eda-Eidskog.

Aftur á móti viljum við kanna hvort hægt sé að efla samstarfið enn frekar. Viðræður fara fram við sænska samstarfsaðila okkar um samkomulag sem varðar samvinnu á sviði löggæslu í Svíþjóð og Noregi. Ég bind miklar vonir við þær.

Þegar stefnt er að nánara samstarfi lögreglu verður fyrst að ganga úr skugga um að tækifærin sem felast í þeim reglum sem eru þegar í gildi séu nýtt eins og framast er unnt.

Næst á eftir því tel ég mikilvægt að greina og, sé þess kostur, ryðja úr vegi hindrunum sem torvelda samstarfið yfir landamærin. Vangaveltur um vopn er eitt af þeim atriðum sem ég tel rétt að skoða nánar. Ég er reiðubúin að biðja Stórþingið um samþykki fyrir nánara samstarfi verði ég og ráðherrann í Svíþjóð sammála um að vilja eflt samstarf á sviðum sem krefjast lagabreytinga eða annarra heimilda þingsins.

Með kveðju,  
Emilie Mehl

Skjalið er rafrænt vottað og sent án undirskriftar